



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2021

2011046SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frv. um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarpið.

Almennt

Að áliti sambandsins á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið heiður skilinn fyrir þann metnað sem það hefur sýnt við að bæta verklag og umgjörð um stefnu- og áætlanagerð á málefnasviðum ráðuneytisins.

Á meðal jákvæðra breytinga sem fram koma í frumvarpinu má einkum nefna eftirfarandi atriði:

- **Einföldun löggjafar:** Felld eru á brott gildandi lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, og um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015, auk þess sem sérstök ákvæði um fjarskiptaáætlun eru ekki í frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti. Í stað þeirra koma ákvæði frumvarpsins um samhæfðar áætlanir á þessum þremur sviðum.
- **Skipan ráða:** Ekki er gert ráð fyrir því að forstöðumenn stofnana og starfsmenn ráðuneytisins verði lengur með föst sæti í ráðum en þeir munu áfram koma að vinnu þeirra ásamt öðrum sérfræðingum eftir þörfum.
- **Samþætting við sveitarstjórnarlög:** 9. gr. frv. felur í sér tilteknar breytingar á gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga um framlagningu þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga. Er það gert til að gæta samræmis við þær áætlanir sem frumvarpið tekur til með beinum hætti.
- **Staða sóknaráætlana landshluta:** Ákvæði um sóknaráætlanir í núgildandi lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir verða færð í sveitarstjórnarlög í námunda við ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga en gerð sóknaráætlana er verkefni landshlutasamtakanna.
- **Stýrihópur um byggðamál:** Í 2. mgr. 4. gr. frv. er kveðið á um að sérstakur stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál starfi áfram. Hlutverk stýrihópsins verður sem fyrr að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðaáætlunar. Að áliti sambandsins mætti bæta við

ákvæðið orðunum: og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

Afstaða sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga telur framangreindar breytingar almennt vera jákvæðar en telur þó tilefni til að benda á að verði frumvarpið að lögum er ekki ljóst hvar í löggjöf verði kveðið á um markmið við gerð byggðaáætlunar. Einkum vísar sambandið til 2. mgr. 3. gr. um að:

Byggðaáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Framangreint ákvæði er mikilvæg stoð fyrir þeim aðgerðum í þágu byggðapróunar sem útfærðar eru á hverjum tíma í byggðaáætlun og telur sambandið að Alþingi þurfi á einhvern hátt að bæta nýrri markmiðsgrein inn í frumvarpið áður en málið hlýtur afgreiðslu.

Tekið skal fram að sambandið er sammála þeirri niðurstöðu að nýleg lagaákvæði um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga verði áfram í sveitarstjórnarlögum, enda nýtur sú áætlun nokkurrar sérstöðu vegna sjálfstæðis sveitarstjórnarstigsins. Stefnumörkun á því sviði verður hins vegar samhæfð þeim þremur áætlunum sem frumvarp þetta tekur til eins og kostur er og þá munu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga sæti í samgönguráði, fjarskiptaráði og byggðamálaráði skv. 5. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti styður sambandið að frumvarpið verði að lögum, að teknu tilliti til ábendingar að ofan við 2. mgr. 4. gr. frv.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri